



BORGARRÁÐ 10. júlí 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um eftirfylgnikannanir Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar - MSS25070047

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lýsa áhyggjum af ítrekuðum ábendingum og athugasemdum Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar (IER) vegna stjórnsýslu og stórkerfis Reykjavíkurborgar. Fulltrúarnir óskar þess að IER framkvæmi eftirfylgnikannanir vegna skýrslna (a) IER1810002 – Nauthólsvegur 100 (Bragginn), gefin út í desember 2018 og (b) IER14060001 – Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar, gefin út í maí 2015. Dregið verði fram hvort ábendingum hafi verið fylgt nægjanlega eftir og viðeigandi úrbætur framkvæmdar. Jafnframt er óskað minnisblaðs frá Innri endurskoðun Reykjavíkur um þær ábendingar sem fram komu í IER25050009 – Hönnun og framkvæmdir við leikskólann Brákarborg, gefin út í júní 2025 og hvort þær samræmist að einhverju leyti þeim ábendingum sem jafnframt komu fram í ofanrituðum skýrslum frá desember 2018 og maí 2015.

